

Netherferð til vitundarvakningar

● Alþjóðlegum degi IBD fagnað með netherferð sem hefur náð mikilli útbreiðslu ● Aukin vitundarvakning um sjúkdóminn skiptir sköpum ● Ómetanlegt að geta rætt við fólk í sömu stöðu

Alþjóðlegur dagur IBD er í dag en IBD er samheiti yfir langvinna bólgsjúkdóma í meltingarvegi; svæðisgarnabólgu og sáraristilbólgu. Sjúkdómarnir valda báðir kviðverkjum og niðurgangi og geta haft mikil áhrif á daglegt líf. Ástand fólks sem þjáist af sjúkdómi sem pessum er afar misjafnt en óútskýrð breyta er gjarnan fylgikvilli og nauðsynlegt er fyrir sjúkdómsgreinda að forðast streitu. Ýmislegt liggar á huldu um sjúkdóminn, þar á meðal hversu margir hafa greinst með hann hérlandis. Þó er talið að um hálftrónum eru íslensku þjóðarinnar lifi með svæðisgarnabólgu eða sáraristilbólgu. Á vefsíðu CCU, hagsmunasamtaka sjúklinga með fyrrgreinda sjúkdóma, kemur fram að 50 lönd í fimm heimsálfum taki þátt í deginum en honum er ætlað að vekja athygli á sjúkdómnum, hvetja til rannsókna og styðja við 10 milljónir manna sem lifa með IBD í heiminum í dag. Tákn dagsins er fjórlublóslaufa. Hérlandis standa samtökin CCU, hagsmunasamtök einstaklinga með svæðisgarnabólgu og sáraristilbólgu, fyrir vitundarvakningu með netherferð.

CCU-samtokin mikilvæg

Edda Svavarsdóttir er formaður CCU-samtakanna. Hún greindist með sáraristilbólgu um þrítgut. Skömmu áður en hún greindist hafði hún lést um 10 kiló á tveimur vikum svo það var ljóst að eitthvað bjátaði á. Að sögn Eddu greinist fólk á öllum aldri með sjúkdóminn en greindir sjúklingar verða sífellt yngri: „Yngsta manneskjan sem hefur verið greind hérlandis var fimmán mánaða en eldra fólk greinist einnig í auknum mæli vegna meiri pekkingar á sjúkdómnum.“



Morgunblaðið/Árni Sæberg

CCU Edda Svavarsdóttir, formaður CCU-samtakanna, greindist með sáraristilbólgu um þrítgut. Hún segir vitundarvakningu um IBD mikilvæga.

Edda telur samtökin skipta miklu máli fyrir þá sem þjáist af IBD.

„Pegar ég greindist hafði ég aldrei heyrت talað um betta og ég held að það sé mjög algengt. Af þeim sökum finnst fólkji það gjarnan þurfa að takast á við þetta einsamalt en það þarf ekki að vera þannig. Það felst ómetanlegur stuðningur í því að kynna fólk sem veit hvað maður er að ganga í gegnum án þess að þurfi að útskýra það sérstaklega. Við miðlum okkar þekkingu og ráðum, það getur án efa hjálpað.“

CCU-samtokin eru með ýmis verkefni á borðinu hjá sér en eitt af þeim mikilvægustu snýr að forgangskortum á salerni fyrir fólk sem hefur greinst með IBD. „Það er frekar stórt verkefni og ekki auðvelt í framkvæmd þar sem allir þurfa að þekkja kortið og því mikilvægt að kynna það vel.“

Edda segir greiðan aðgang að salerni mikil hagsmunamál fyrir fólk

sem hefur greinst með IBD. „Það er mjög gott að vita af því að manni standi til boða að nota salernið ef nauðsyn krefur. Það er auðveldara að geta sýnt kortið í stað þess að þurfa að útskýra.“

Mikilvæg vitundarvakning

CCU-samtokin fagna IBD-deginum með netherferð þar sem fólk kemur fram til að taka þátt í herferðinni. Pessa herferð er meðal annars að finna á fésbókarsíðu samtakanna og ljóst að fólk á öllum aldri kljáist við sjúkdómanu. Edda segir þau hafa ákveðið að fara þessa leið til að ná til sem flestra og þannig auka almenna þekkingu á málefnum. Vitundarvakningin er afar mikilvæg til þess að auka skilning samfélagsins á IBD. Edda hvetur fólk sem hefur greinst með IBD til að ganga í CCU-samtokin ef það hefur ekki gert það nú þegar.

raghnildur@mbl.is

ÁSTAND SJÚKLINGA MISJAFNT

Kerfið einn af orsakaþáttunum

Magrét Ingibjörg Lindquist greindist með sáraristilbólgu fyrir níu árum. Hún segir alþjóðlegan baráttudag IBD afar mikilvægan til að auka þekkingu fólkis á sjúkdómnum. Margrét telur lækna á Íslandi vera til fyrirmynðar en segir heilbrigðiskerfið þó illa í stakk búið til að takast á við IBD-sjúkdóma. „Orsakir sjúkdómsins eru enn óþekktar og ástand sjúklinga afar misjafnt. Sumir geta unnið fullt starf þrátt fyrir að greinast með sjúkdóminn en aðrir, eins og ég, lenda í erfíðari útgáfu af honum og hafa kannski aðra sjúkdóma undirliggjandi. Í mínu tilviki rauk upp blóðþrýstingurinn og sykursýki samhliða sáraristilbólgunni og þá flæktist málið. Sykursýkin og hái blóðþrýstingurinn eru í raun afleiðing af öllum þeim lyfjum sem ég þarf að taka vegna sáraristilbólgunnar og því álagi sem sjúkdómurinn hefur í för með sér.“

Magrét segir erfitt að skýra ástand sitt fyrir öðrum. „Ég held að það sé enginn í kringum mig, þótt allir séu af vilja gerðir, sem skilur fyllilega hvað ég er að ganga í gegnum. Þetta er allt frekar flókið og þú segir ekki hvert hverjum sem er frá veikindunum. Ég fer oft ekki út fyrir hádegi því ég þarf gjarnan að fara fimm til tíu sinnum á salernið eftir að ég vakna. Það fær enginn vinnu á þeim forsendum. Ég er öryrki en líka grafskur hönnudur svo ég get unnið þau verkefni sem ég treysti mér í þegar ég er hress.“

Magrét hefur áður tjáð sig opinberlega um sjúkdóminn og heldur úti opna snapchatréikningnum „lifididag“. Hún segist finna tilgang í að segja frá sinni reynslu. „Ég er þannig persóna að ef ég þarf að ganga í gegnum eitthvað vil ég finna einhvern tilgang með því. Ef minn tilgangur í lífinu er að vekja athygli á þessu þá geri ég það með glöðu geði.“

Eins og áður kom fram er Margrét öryrki og hún segir kerfið ekki hann að með sjúklinga í huga. „Þetta er allt mjög flókið og kerfið hjálpar ekki til, það er í raun einn af orsakaþáttunum. Það er alveg nóg að þurfa að hugsa um sjúkdóminn, þú átt ekki að þurfa að hugsa um hverja einstu krónu líka og velja lyf út frá fjárhagsstöðu. Það verður til mikillar streitu en streita er einn af orsakaþáttum sjúkdómsins.“



Ljósmynd/Aðsend

Magrét Segist tjá sig opinberlega til að hjálpa öðrum.